

Nefndasvið Alþingis
Allsherjar og menntamálanefnd Alþingis
Vopnalög Bogfimi ungmenna
435. mál, lagafrumvarp
152. löggjafarþing 2021–2022

Dags: 09.03.2022

Nú liggur fyrir frumvarp til breytinga á boga eign er varðar ungmenni gagnvart hversu öflugann boga viðkomandi má eiga, æfa og keppa með. Tek ofan fyrir þeim þingmönnum sem komu að þessu frumvarpi, þetta er löngu tímabært en búið er að benda á þetta sem snýr að 31.gr og svo 30gr F lið vopnalaga síðan vorið 2010. Núverandi vopnalög lög eiga enga sér enga hliðstæðu í Evrópu er varðar takmörkun á bogaeign almennings og ekki heldur stoð í regluverki ESB sem við virðumst taka nær allt eftir en höfum ekki viljað gagnvart þessu atriði. Í regluverki ESB þá er bogi og allt sem þeim tilheyrir sagt sem íþróttatæki og því sé það ekki leyfis eða skráningarskylt.

En undirritaður hefur verið einn fremstur í flokki með að fá lögum hér á landi um bogaeign breytt til samræmis við norðurlöndin bæði persónulega, og svo í gegnum lands hagsmunasamtök bogaeigenda Bogveiðifélag Íslands. Það hefur farið mikill tími í gegnum árin í samtöl og bréfaskriftir og heimsóknir við þingmenn, ráðuneyti, umsagnir til Allsherjarnefndar ofl, flest allir sammála um að breyta þurfi þessu en samt engin tilbúinn til þess. Starfsmenn ráðuneytis hafa samt nokkurm sinnum byrjað vinnuna en vegna alþingiskosninga og sérstaklega tíðum tilfærslum á starfsfólki í ráðuneytum þá hefur þessi vinna alltaf verið sett á ís og nýr aðili þurfti að byrja nær uppá nýtt með tilheyrandi tölum ofl.

Fyrir gildistöku núverandi vopnalaga 1998 þá voru lögín á Íslandi sambærileg Norðurlöndunum en þá fannst einhverju fólki sem hafði ekkert vit á því hvað það væri að fjalla um, ekki nógu sniðugt að hafa engar reglur um bogaeign og var núverandi reglum bætt inn eftir aðra umræðu án þess að tala við t.d bogfiminefnd ísÍ eða þá aðila sem stunduðu bogfimi á þessum tíma. Sem sagt bara huglægt og persónuleg skoðun sett inn í lög án röksemda. Með þessum breytingum þá datt gjörsamlega botninn úr allri bogfimi á Íslandi, og búðir sem þá voru að selja boga töldu þessar reglur vera það íþyngjandi að fólk hætti að kaupa boga og hættu að flytja inn.

Núverandi lög og reglugerðir t.d setja bogaeign á sama stall og skammbysseign þar sem gert er skilyrði samkvæmt 14gr reglugerð vopnalaga um að vera í íþróttafélagi innan ÍSÍ og yfirvöld hafa ekki viljað fella hana niður þrátt fyrir að það sé í gildi félagafrelsi á Íslandi og samkvæmt þeim er óheimilt að skylda fólk til að vera í félögum og því klárt að samkvæmt því ætti 14gr reglugerðar að vera ólögleg og búin að vera frá 2006 eftir úrskurð umboðsmann alþingis um að ólöglegt væri að skylda Íþróttafélag að vera aðili að ÍSÍ en ekki tekið út gagnvart einstaklingum. Í staðin að breyta reglugerð þá var vinnureglu breytt af hálfu ráðuneytis og lögreglu árið 2007.

Bogaeign almennings á Norðurlöndunum er engum skilyrðum háð hvorki leyfi/skráningu, aldri, afli, gerð boga og örvaodda eða notkun þess við æfingar, keppni, veiði eða í ferðalagið.

Það að skjóta af boga, stunda bogfimi er í 5 sæti yfir öruggustu íþróttir í heimi. Hvað segir það okkur? Það er mun hættulegra að stunda og meðhöndla áhöldin í t.d fótbolta, Korfubolta, handbolta, fimleikum, frjálsar, hestamennsku og allar þessar vinsælustu íþróttir á Íslandi. Bogfimi og golf er á svipuðum slóðum gagnvart hættumati.

Samkvæmt frumvarpi er lagt til að 31gr. breytist í eftirfarandi.

Barni yngra en 16 ára má þó ekki selja eða afhenda örvaboga með meiri togkrafti en 7 kg eða oddhvassar örvar nema til æfinga og keppni undir eftirliti lögráða einstaklinga.

Undirritaður fer þess á leit við Allsherjar og menntamálanefnd alþingis taki til skoðunar einnig 30gr. F lið vopnalaganna.

Legg hér fram breytingartillögu á 30 gr og 31 gr vopnalaga.

Breytist í

30gr.: f. lásboga, slöngubyssu eða önnur slík vopn.

31gr.

Öllum er heimilt að kaupa og eignast boga,örvar og örvaodda sem ætlað er til æfinga, keppni og veiði án sérstaks leyfis, skráningu, aflí og aldri. svo sem langboga, sveigboga og trissuboga. Barni yngra en (16-18) ára má þó ekki selja eða afhenda örvaboga með meiri togkrafti en 7 kg eða oddhvassar örvar nema undir eftirliti lögráða einstaklinga.

Ég tel með þessum tillögum þá samræmum við okkur við Norðurlöndin að mestuleyti en erum aðeins stífari gagnvart ungmennum.

Einnig með eftirfarandi breytingatillögum þá tókum við á þeirri ólög sem 14gr reglugerð vopnalaga er sem umboðsmaður alþingis hefur sagt ekki standast. Tel það einnig vera verk alþingis sé að laga það sem stenst ekki lög/reglugerðir sé þeim bent á það þó ráðuneyti hafi ekki frumkvæði að breytingum. Vil einnig benda á að í frumvarpi til vopnalaga sem lagt var á vorþing 2013 þá var lagt til að allt um boga yrði tekið úr lögum til samræmis við norðurlöndin.

Ég óska eftir að fá fund með nefndinni til að fara yfir þessi mál.

Virðingafyllt

Indriði R. Grétarsson

Sauðárkróki

Formaður Bogveiðifélag Íslands

Formaður Bogfimdeildar Tindastóls

Bogfimiþjálfari innan Bogfimisambands Íslands/WA

Bogfimiþjálfari innan IFAA

s: 8549944.